

22.11.2012

Sérfræðingar Selaseturs Íslands hafa lesið yfir þingskjal 46 - 46. mál. Alþingis á 141. löggjafarþingi og gera meðfylgjandi athugasemdir og tillögur að lagfæringum á Frumvarpi um breyting á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum. Við teljum einig að samhliða þurfi að gera meiri breytingar á fyrrnefndum lögum 64/1994 og fylgja með í skjalinu athugasemdir og tillögur að lagfæringum á þeim.

Með þessum lögum er verið að koma lögum á málefni selastofnana við landið og er það vel. Sérfræðingar selaseturs Íslands telja þó að betur hefði verið að setja sérlög um seli, sambærilegt og hafa verið sett um hvalastofnana við Ísland.

Fyrir hönd Selasetur Íslands á Hvammstanga  
Vignir Skúlason, framkvæmdastjóri  
Erlingur Hauksson, selasérfræðingur

## **Umsögn Selaseturs Íslands um mál. 46; frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (selir)**

### **Inngangur**

Árið 2010 ákvað Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið að Selasetur Íslands hefði það hlutverk að rannsaka seli við Ísland og það tekið fram að þær rannsóknir væru undir umsjón Selaseturs Íslands, en unnar í samstarfi við Veiðimálastofnun, Hafrannsóknastofnun, Bændasamtök Íslands, veiðifélög og félag selabænda eftir því sem ástæða þykir til. Setrinu er einnig ætlað að stuðla að fjölbættri og sjálfbærri nýtingu sela, taka til skoðunar hvort rétt sé að setja reglur um selveiðar og hvort þörf sé á friðun sela á ákveðnum svæðum. Gert er ráð fyrir í því bréfi að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hafi yfirumsjón með framangreindum verkefnum. Til að lögin haldi gildi sínu er nauðsynlegt að tekið verði tillit til rannsókna og stofnstærðarmats sem Selsetur Íslands sinnir og að á stofnunina sé minnst í lögnum.

Við skoðun finnst hvergi í frumvarpinu fjallað um viðbrögð stjórnvalda við offjölgun sela, en selir eru afræningjar fiskis og lokahýslar selorms (hringorms), sem sýkja fisk<sup>1</sup>. Stjórnvöld hafa sett neðri viðmiðunarmörk stofnstærðar landsels og útsels, en í ljósi offjölgunar sela í löndunum í kringum Ísland, Kanada og Bretlandseyjum, teljum við eðlilegt að setja efri viðmiðunarmörk einnig. Viðbrögð stjórnvalda við því að selastofnar fara niður fyrir neðri viðmiðunarmörk væru, vernd og friðun, en viðbrögð við því að selastofn yxi upp fyrir efri viðmiðunarmörk, væru aflétting verndar, ófriðun og ef til vill örvun selveiða.

Sérfræðingar Selaseturs Íslands hafa farið yfir frumvarpsdrögin og gera eftirfarandi athugasemdir og breytingar á orðavali. Einnig eru gerðar athugasemdir við lög nr. 64, 19. maí 1994, í ljósi þeirra breytinga sem óhjákvæmilega verður að gera á þeim lögum við það að frumvarp til laga, mál 46, verði að lögum. Punktalína ..... merkir að orðalag sé óbreytt, en breytingartillögur okkar eru ritaðar fullum stöfum.

---

<sup>1</sup> Nýlega fréttum við að Kanadamenn ætla að fella 70 þúsund útseli á næstu fjórum árum, í því augnamiði að stækka þorsstofna við ströndina. Þessar selveiðar eru viðbót við um 250 þúsund dýra vöðuselskvóta, sem hefur verið við líði um árabíl.

## **Tillögur um breytt orðaval í frumvarpi til laga Þingskjal 46 – 46. mál.**

Önnur málsgrein 4. gr. (á eftir Selir) hljóði svo: Leyfðar eru veiðar á sel nema á sérstökum griðasvæðum sem ráðherra ákveður með reglugerð að fengnu samþykki landeigenda, félagi selabænda og Selasetri Íslands, sbr. 3 gr.<sup>2</sup> Ekki má hleypa af skoti á landi nær sellátrum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Veiðar á vöðusel og öðrum tegundum farsels eru óheimilar nema með sérstöku leyfi ráðherra.

5. gr. hljóði svo: Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 9. og 10. gr. tilskipunar um veiðar á Íslandi frá 20. júní 1849.<sup>3</sup>

## **Tillögur um breytingar á Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 1994 nr. 64 19. maí**

Við það að 46. mál verður að lögum, verður óhjákvæmilega að gera nokkrar breytingar á lögum nr. 64 frá 19. maí 1994.

Eftirfarandi eru athugasemdir og breytingar á orðalagi laganna. Athuga þarf að í lögnum segir víða „villtum fuglum og villtum spendýrum“ það ætti að breytast í „villt dýr“ til samræmingar við orðskýringar í upphafi laganna. Þá er hér fyrst nokkrar tillögur um skilgreiningar á fleiri hugtöku/orðskýringum úr lögnum. Þar eru orð eins og kópur, kæpingarstaður, farselur, staðselur, griðastaður, látur, hjáveiðar og meðafli. Við teljum þörf á því að þessa skýringar bætist við lögin, enda er nauðsynlegt að rétt túlkun þeirra fylgi framkvæmd laganna.

Farselur: Tegund sela sem kemur til Íslands reglulega eða óreglulega og dvelur um lengri eða skemmri tíma, en kæpir ekki við Íslands strendur.

Staðselur: Selur sem kæpir við Ísland að staðaldri (innan íslenskrar efnahagslögsögu – íslenskur stofn) og elur aldur sinn þar<sup>4</sup>.

Griðastaður sela: Afmarkað svæði þar sem selveiðar eru bannaðar, nær en 0,5 sjómílu út frá stórstraumsfjörumörkum. Leyfð er selaskoðun ef fylgt er leiðbeiningum Selaseturs Íslands um selaskoðun frá landi og bát.

Látur: (Sellátur) Staður þar sem selir hópast reglulega saman og/eða kæpa.

<sup>2</sup> Hér er felld út setning um að veiðar séu óheimilar í látrum og í grend við látur. Kópar eru ætíð veiddir við látur og því stangast sú setning á við lögin sem heimila selveiðar.

<sup>3</sup> Lög nr. 30/1925, um selaskot á Breiðafirði og uppdráp og lög nr. 29/1937, um útrýmingu sels í Húnaósi, eru staðbundin lög sem geta vel staðið í gildi sínu áfram.

<sup>4</sup> Það þarf að kanna á Melrakkasléttu hvort vöðuselir séu að einhverju leyti staðselir hér nú smbr. Ævar Petersen (óbirt). –Verkefni fyrir Selasetur Íslands, næsta vor!

Hjáveiðar: Slysveiðar annarra tegunda en þeirra sem sóst er eftir og veiðarfæri er sniðið að.

Meðafli: Afli annarra tegunda í veiðarfæri en þeirra sem sóst er eftir.

Kópur: Selur á fyrsta ári.

Kæpingarstaður (kæpistaður): Staður þar sem selir kæpa (fæða (bera) afkvæmi sín kópana).

Almennt: „villtum fuglum og villtum spendýrum“ sem kemur víða fyrir í lögnum ætti að breyta í „villt dýr“ til samræmingar við orðskýringar í upphafi laganna

### III. kafli. Umsjón

3 gr. 2. málsgrein hljóði svo: Umhverfisstofnun. Náttúrufræðistofnun Íslands og Selasetur Íslands skulu vera [.....]

3 gr. 3. málsgrein hljóði svo: Umhverfisstofnun og Selasetur Íslands hvað varðar seli hafa umsjón með og stjórn á....., sbr. 7 gr., að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands og Selasetur Íslands.[2)

3 gr. 4. málsgrein hljóði svo: Um stefnumótandi mál um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum skal haft samráð við Bændasamtök Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, hreindýraráð að því er varðar hreindýr, Selasetur Íslands að því er varðar seli, Skotveiðifélag Íslands sem .....

3 gr. 5. málsgrein hljóði svo: Umhverfisstofnun leiðbenir þeim....villtra dýra, annarra en sela. Selasetur Íslands leiðbenir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum sela<sup>3)</sup>.

4 gr. 1. málsgrein hljóði svo: Náttúrufræðistofnun Íslands....viltra dýra annara en sela, Selasetur Íslands<sup>5</sup> stundar rannsóknir á stofnum sela, metur ástand þeirra og .....

4 gr. Viðbótarmálsgrein á eftir 2. gr. málsgrein hljóði svo: Selasetur Íslands hefur heimild til að láta merkja seli á sambærilegan hátt og Náttúrufræðistofnun Íslands, villta fugla.

Við 4 gr. bætist við málsgrein í lokin, sem hljóðar svo: Hverjum þeim sem finnur eða handsamar merktan sel ber að senda merkið, hvort sem það er íslenskt eða útlent, til Selaseturs Íslands ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

Við 5 gr. bætist málsgrein, sem hljóðar svo: [Ráðherra]<sup>1)</sup> hefur skipað Selasetri Íslands að senda fulltrúa sinn á fund NAMMCO<sup>6</sup> og núverandi fulltrúi Selaseturs Íslands var valinn í vísindanefnd NAMMCO.

<sup>5</sup> Það vantar lög um Selasetur Íslands?, nema það sé skilgreint sem náttúrustofa.

<sup>6</sup> Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðið. „North-Atlantic Marine Mammal Commission“.

#### IV. kafli. Vernd, friðun<sup>1)</sup> og veiðar.

7. gr. 1. málsgrein. Viðbót: Mikilvægt er að meta stofnstærð með rannsóknum og kanna áhrif veiða á stofn. Selasetur Íslands stundar rannsóknir á sel og metur stofnstærð þeirra og veiðipól, samkvæmt samningi við Stjórnvöld.

7. gr. 3. málsgrein, hljóði svo: [Þar sem.....hreinðýr og Selaseturs Íslands að því er varðar seli, veitt .....

7. gr. 5. málsgrein, hljóði svo: .....[Náttúrufræðistofnun Íslands hvað varðar önnur villt dýr en seli og Selasetri Íslands (hvað varðar seli)]<sup>2)</sup> veitt

7. gr. 6. málsgrein, hljóði svo: Náttúrufræðistofnun Ísland hvað varðar villt dýr önnur en seli og Selasetur Íslands hvað varðar seli má án sérstakrar heimildar láta veiða allar tegundir villtra dýra.....

9. gr. liður 4. hljóði svo: Net, nema til selveiða og háf til lundaveiða .....Fugla, er drepast í netum sem lögð eru fiskveiða eða selveiða, má.....

9. gr. liður 17. hljóði svo: Vélknúin farartæki, nema báta á sjó til fuglaveiða og selveiða enda gangi.....

10. gr. 1. málsgrein, hljóði svo: .....fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Selaseturs Íslands.]<sup>2)</sup>

#### V. kafli. Veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.

11. gr. 3. málsgrein hljóði svo: .....að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og Selaseturs Íslands....

11. gr. 4. málsgrein hljóði svo: .....hæfni til veiða. {Umhverfisstofnun og Selasetur Íslands]<sup>2)</sup> heldur námskeið til undirbúnings hæfnisprófum. {Umhverfisstofnun og Selasetri Íslands]<sup>2)</sup>er heimilt.....að fengnum tillögum {Umhverfisstofnunar og Selaseturs Íslands]<sup>2)</sup> gjaldskrá fyrir próf og námskeið.....

#### [VII. Kafli. Sértæk friðun.]<sup>1)</sup>

18. gr. 1. málsgrein hljóði svo: .....friðaðra stofna villtra dýra ef brýn.....

18. gr. 2. málsgrein hljóði svo: .....að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands og Selaseturs Íslands veitt undanþágu frá .....Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður og kæpingarstaði við veitingu slíkrar.....

#### [IX. Kafli.]<sup>1)</sup> Refsiákvæði og réttarfar.

21. gr. 1. málsgrein hljóði svo: .....ef um sjaldgæfar fuglategundir eða fágæt villt dýr er að ræða, .....

**[X. kafli.]<sup>1)</sup> Almenn ákvæði, gildistaka og brottfallin lög.**

23. gr. 1. málsgrein hljóði svo: .....stjórnvaldsaðgerðir um villt dýr, sem settar hafa verið.....

**Að lokum**

Eftir að hafa farið yfir frumvarpið (46. mál) og skoðað það í samhengi við núgildandi lög nr. 64 frá 19. maí 1994 og „Tilskipunina um veiði á Íslandi“ frá 20. júní 1849, þá er það okkar mat að skynsamlegt sé að setja sérlög um seli, í líkingu við þau sem fjalla um hvali. Selasetur Íslands er reiðubúið að aðstoða við það að fönfum. Það kemur hvergi fram í frumvarpinu sjálfu þó nefnt sé lauslega í greinagerðinni með frumvarpinu, á hvern hátt það uppfyllir skuldbindingar Íslendinga varðandi seli sem ríkið hefur samþykkt að fylgja með því að undirrita alþjóðlega samninga, eins og Bernarsamninginn. Ef þær skuldbindingar eru réttærri íslenskum lögum þarf með skýrum hætti innlima þær inn í frumvarpið.

Að lokum skal það áréttað að selveiðar eru hlunnindi, smbr. 3. gr. laga nr. 46/1941, um landskipti. Um seli er einnig fjallað m.a. í Jónsbók frá 1281, Rekabálki og Landsleigubálki, og lögum nr. 61/2006, um lax og silungsveiði. Öll ákvæði sem hér hafa verið tilgreind eru á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og gildir það bæði um stjórnslu, eftirlit, veiðar og aðra nýtingu. Hafa flutningsmenn frumvarps til laga 46. mál gert sér grein fyrir því? Svo virðist ekki vera, því um þessi ákvæði fjalla þeir ekki!

Fyrir hönd Selaseturs Íslands

Virðingarfyllt

---

Vignir Skúlason framkvæmdastjóri

Erlingur Hauksson, selasérfræðingur

**Vitnað í**

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. (2010, ágúst 27). Bréf til Selaseturs Íslands.

SLR10080166/10.0, 2. Reykjavík, Reykjavík, Ísland: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.